

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Rannsókna- og þróunarsjóð

### Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd, RBF.

## 1. gr.

*Nafn, heimili og varnarþing.*

Sjóðurinn heitir Rannsókna- og þróunarsjóður Rannsóknastofnar í barna- og fjölskylduvernd, RBF í skipulagsskrá þessari nefndur sjóðurinn. Hann er stofnaður af Sigrúnú Júlíusdóttur, kt. 030244-2309, prófessor í félagsráðgjöf og stofnanda Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd. Heimili hans er við *Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd, RBF* í félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands í Reykjavík. Upplýsingar um sjóðinn er að finna á heimasiðu RBF. Sjóðurinn starfar á grundvelli laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun en mun ekki hafa með höndum atvinnurekstur.

## 2. gr.

*Tilgangur og markmið sjóðsins.*

Markmið með stofnun sjóðsins er að efla og styrkja rannsóknir í félagsráðgjöf á sviði barna- og fjölskyldumálefna. Megintilgangurinn er að efla doktorsnám og sérfræðiþekkingu í félagsráðgjöf með því að veita fjárvirkni til:

- a) doktorsverkefna í félagsráðgjöf sem snerta málefni barna- og fjölskyldna;
- b) frumrannsókna, þ.e. sem fela í sér nýsköpun þekkingar á sviðinu;
- c) aðferðaþróunar á sérsviðum sem varða hagsmuni barna og fjölskyldna;
- d) þróunar- og tilraunaverkefna sem efla fræðilegt og faglegt framlag á sviðinu;
- e) fræðsluverkefna á sérsviðum félagsráðgjafar sem varða hagsmuni barna og fjölskyldna.

Markmiðunum með stofnun sjóðsins skal náð með beinum fjárfamlögum og styrkjum sem nánar greinir í skipulagsskrá þessari.

## 3. gr.

*Stjórn sjóðsins*

Stjórn sjóðsins skal skipuð eftirtöldum þremur aðilum til þriggja ára í senn: formanni stjórnar RBF, fulltrúa velferðarráðuneytisins og fulltrúa atvinnulífsins. Stjórnarmenn tilnefna hver um sig varamann. Stjórnin skiptir sjálf með sér hlutverkum.

Formaður boðar til stjórnarfunda og eru þeir lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Til stjórnarfunda skal boðað með sannanlegum hætti (þ.m.t. tölvupósti). Öll störf stjórnarmanna eru unnin endurgjaldslaust fyrir sjóðinn. Stjórnin tekur ákvárdanir á fundum sínum og skal haldin gerðabók um alla fundi og bókaðar þær ákvárdanir sem teknar eru. Falli stjórnarmaður frá eða óski eftir að verða leystur frá störfum skulu þeir sem eftir sitja í stjórn velja stjórnarmann í hans stað með vísan til 1. mgr. Stjórnin veitir prókúru fyrir sjóðinn.

Verndrar sjóðsins eru Berglind Ásgeirs dóttir og Finnbogi Jónsson.

## 4. gr.

*Fagráð.*

Stjórn sjóðsins velur þriggja til sjö manna fagráð velunnara sjóðsins sem skal vera stjórn hans til ráðgjafar um fjárlöfun og framlop úr sjóðnum. Þeir skulu meðal annars vera fulltrúar eftirtalinna aðila: félagsráðgjafardeildar Háskóla Íslands, Félagsráðgjafafélags Íslands, Hollvinafélags félagsráðgjafardeildar, og atvinnulífsins. Stjórn sjóðsins setur fagráði starfsreglur.

## 5. gr.

*Stofnframlag og tekjur sjóðsins.*

Stofnframlag sjóðsins er kr. 3.000.000 sem er gjöf frá Sigrúnú Júlíusdóttur. Aðrar tekjur sjóðsins skulu vera frjáls framlop einstaklinga, félagasamtaka eða fyrirtækja, auk fjármagnstekna af eignum sjóðsins.

## 6. gr.

*Frekari framlög.*

Sjóðurinn skal taka á móti frekari fjárfamlögum, hvort sem er frá stofnaðila eða öðrum er veita vilja markmiðum hans brautargengi. Til dæmis veitir Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd 3% af fjárveitingum til rannsóknaverkefna stofnunarinnar skv. 2. gr.

## 7. gr.

*Úthlutanir úr sjóðnum.*

Stjórn sjóðsins skal ákveða úthlutunarrest fyrir umsóknir til sjóðsins þegar þurfa þykir; hún sér um að auglýsa og taka við umsóknum um styrki á þar til gerðum eyðublöðum og annast úthlutun úr sjóðnum; hún ákveður hvernig tilgangi og markmiðum sjóðsins verði best náð og metur samkvæmt því efnislegt innihald styrkumsókna. Samþykki allra stjórmarmanna þarf til úthlutunar styrkja sem nema hærri fjárhæð en kr. 500.000, en að öðru leyti ræður ákvörðun meirihluta.

## 8. gr.

*Umsýsla sjóðsins.*

Stjórn sjóðsins skal fela fjármálfyrirtæki að annast vörlu og ávoxtun sjóðsins. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda. Skal Ríkisendurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert sent afrit af ársuppgjöri sjóðsins fyrir næstliðið ár, þ.m.t. ársreikningi og upplýsingar um úthlutanir úr sjóðnum á reikningsárinu. Jafnframt skal senda upplýsingar um það hverjir skipi stjórn sjóðsins hverju sinni.

## 9. gr.

*Staðfesting.*

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 24. október 2012.*

**Ríkarður Másson.**

---

*Björn Ingi Óskarsson.*

---

B-deild – Útgáfud.: 7. nóvember 2012